

# Skuggakosningar #ÉgKýs

Skuggakosningar eru kosningar þar sem framhaldsskólanemar **kjósa sína fulltrúa í sveitastjórn** og munu endurspegla vilja nemenda um allt land. Skuggakosningar fara fram í sjötta sinn hér á landi þann 29. apríl. Niðurstöður verða gerðar opinberar eftir að kjörstöðum lokar á kjördag sveitastjórnarkosninga, 16. maí.

## Menntaskólinn við Hamrahlíð tekur þátt og verður **kosning á Matgarði á sviðinu frá kl 8:20-16:00.**

Búið er að skipa kjörstjórn sem heldur utan um kosningarnar.

**Meginmarkmiðið** #égkýs herferðarinnar er að **efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa** eftir upplýstri ákvörðun í kjörklefanum í von um að kosningaþátttaka aukist. Kosningaþátttaka ungs fólks jókst í öllum aldurshópum í sveitarstjórnarkosningunum 2018. Kosningaþátttaka jókst einnig í öllum aldurshópum á milli alþingiskosninganna 2016 og 2017, en mest hjá yngstu kjósendunum eða um 9,5%. Þetta eru góðar vísbendingar um árangur #ÉgKýs og nú vitum við að þrátt fyrir að kosningaþátttaka sé enn almennt minni hjá yngri aldurshópum er þátttaka ungs fólks þó að aukast.

### Hvernig kýs ég?

- Þú framvísar skilríkjum á kjörstað á Matgarði og færð kjörseðil.
- Kosningin er leynileg og fer fram í einrúmi.
- Þú merkir X fyrir framan það sem þú vilt kjósa. **Mikilvægt er að gera engar aðrar merkingar á kjörseðilinn því þá telst atkvæðið ógilt.**
- Að lokum brýtur þú kjörseðilinn saman þannig að letrið snúi inn og setur hann í kjörkassann.



### Kosningalög skuggakosninga 2026

#### I. kafli. Kosningarréttur.

■ 1. gr. Kosningarétt hafa allir skráðir nemendur í framhaldsskóla (dagskóla) sem fæddir eru 15. maí 2004 og síðar (þeir sem ekki höfðu náð kosningaaldri í sveitastjórnarkosningunum 2022).

#### II. kafli. Kjördæmi.

■ 2. gr. Nemendur kjósa í því sveitarfélagi sem skólinn þeirra er staðsettur í:

Samkvæmt 2. gr. Kosningalaga skuggakosningana kjósa nemendur í því sveitarfélagi sem skólinn þeirra er staðsettur í og er það því kosning í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík.

Sjá frekari upplýsingar inn á [www.egkys.is](http://www.egkys.is).

## Shadow elections #ÉgKýs

Shadow elections are elections where high school students elect their representatives in local government and will reflect the will of students across the country. Shadow elections will be held for the sixth time in this country on April 29th. Results will be made public after polling stations close on the day of the local government elections, May 16th.

**Menntaskólinn við Hamrahlíð** is participating and there will be an **election at Matgarður on the stage from 8:20-16:00.**

An election committee has been appointed to oversee the elections.

**The main goal** of the #ÉgKýs campaign is to raise awareness of democracy and encourage young people to make an informed decision at the polling station in the hope of increasing voter turnout. Voter turnout among young people increased across all age groups in the 2018 local elections. Voter turnout also increased across all age groups between the 2016 and 2017 parliamentary elections, but most significantly among the youngest voters, by 9.5%. These are good indications of the success of #IVote and now we know that although voter turnout is still generally lower among younger age groups, youth turnout is increasing.

### How do I vote?

- You present your ID at the polling station in Matgarður and receive a ballot.
- The vote is secret and takes place in private.
- You mark an X in front of the item you want to vote for. **It is important not to make any other markings on the ballot paper, as this will invalidate the vote.**
- Finally, fold the ballot paper so that the writing is facing inwards and place it in the ballot box.

According to Article 2 of the electoral law in shadow election, students vote in the shadow elections in the municipality in which their school is located, and it is therefore an election in the city council elections in Reykjavík. See more information at [www.egkys.is](http://www.egkys.is).